

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga þess. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt milli veiðieigenda samkvæmt arðskrá. Þeir greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum.

8. gr.

Að öðru leyti vísast til laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. ágúst 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán námsstyrki.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.

Fósturskóli Íslands, 3. ár.

Hústjórnmarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Iðnskólar, framhaldsdeildir 3. ár.

Íþróttakennaraskóli Íslands.

Leiklistarskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Stýrimannaskólar.

Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tækninám, annað en meinatækni.

Vélskólar.

Þroskapiálfaskóli Íslands, 3. ár.

Nám á tæknifræðistigi og meinatækninám við Tækniskóli Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, 6. gr. a, er hljóði svo:

Upplýsingar þær er sjóðurinn geymir um umsækjendur skiptast í almennar

og persónulegar upplýsingar. Almennar tölfraeðilegar upplýsingar skulu öllum til-
tækur eftir úrvinnslu starfsmanna sjóðsins, eftir því sem tók verða á að vinna
hana. Að persónulegum upplýsingum skal aðeins veittur aðgangur fyrir milligöngu
framkvæmdastjóra sjóðsins eða fulltrúa hans. Þessir aðiljar hafa aðgang að slíkum
upplýsingum:

- a) Umsækjendur, hver að því er sjálfan hann varðar.
- b) Umboðsmenn þeirra hvers og eins að því er skjólstæðing þeirra varðar.
- c) Starfsfólk sjóðsins og sjóðsstjórn:
Upphæðir einstakra lána og styrkja teljast til persónulegra upplýsinga.

Með persónulegar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál. Skrifstofu sjóðsins
er þó heimilt að láta í té upplýsingar um eftirtalin atriði, eftir því sem tók verða
á úrvinnslu þeirra:

- a) Nafn og heimili námsmanns og umboðsmanns.
- b) Námsgrein, námsár, námslok.
- c) Námsstaður og námsstofnun.

3. gr.

20. gr. hljóði svo:

Séu árlegar afborganir ekki inntar af hendi á réttum tíma telst öll skuldin
gjaldfallin og skal innheimt á kostnað lántaka með hæstu leyfilegum dráttar-
vöxtum, nema sérstakar ástæður valdi að mati sjóðsstjórnar, sem getur þá samið
um greiðslufrest.

4. gr.

22. gr. 3. mgr. hljóði svo:

Sjóðsstjórn er heimilt að veita viðbótarstyrk eða lán, ef sérstaklega er um það
sótt og umsækjandi færir að því rök að sérstakar ástæður geri honum nauðsyn-
legt að fara oftari en einu sinni á ári milli heimilis og námsstaðar.

5. gr.

23. gr. hljóði svo:

Sjóðsstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni jöfnu-
unarstyrk eða hækkun á láni umfram þegar veitt námslán vegna húsnæðiskostna-
ðar innanlands, enda verði námsmaður að flytjast húferlum námsins vegna.

6. gr.

24. gr. orðist svo:

Sjóðsstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni náms-
styrk eða hækkun á láni umfram þegar veitt námslán, enda geri örorka, heimilis-
aðstæður eða annað það sem eigi verður talið á valdi námsmanns honum ill-
mögulegt að stunda nám sitt ella.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða falla niður.

Menntamálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.